




Barátta sósíalista tengist heimssögulegri þróun mannkynsins á langri vegferð frá hálfsiðun til siðmenningar

Hjalti Kristgeirsson



á dagskrá

Hreyfiafl sögunnar í sjálfum okkur

Góðu heilli hafa þessir dálkar orðið vettvangur nokkurra skobanaskipta. Sannarlega var kominn tími til þess að „orð sér af orði / orðs leitabi“ á síðum Þjóðviljans meðal lesenda blaðsins. Þetta er fyrir sitt leyti vísið að þeirri félagsgerð sem sósíalistar vilja smíða: að lesendur dagblaðanna verði jafnframt skrifendur þeirra. Þannig gangi tjáskipti í báðar áttir en verði ekki bóðsending í eina átt aðeins frá launaðri stétt skrifara.

Það á að geta verið uppbyggilegt þegar einn vísar til skrifa annars, byggir á því sem hann hefur lagt til mála, samsinnir eða leggst á móti eftir atvikum. Þetta er hluti þeirrar þjóðfélagsumræðu sem á að vera forsenda athafna þar sem lýðræði ríkir.

Fyrir nokkru ritaði Gunnar Karlsson sagnfærðingur hugvekju um þjóðfélagsgerðina á Íslandi (24/8): Er hér auðvalds-skipulag? Líkist hagkerfið ekki fremur lénsveldi? — fjármagníð er veitt að léni nú svipað og land var fyrrum á miðöld Evrópu. Í dagskrárgrein sinni benti GK réttilega á það, hvað íslenskir kapitalistar eru óbúðugir, hafa lítið eigið fé í veltunni en eiga allt undir náð úthlutunarstjóra hjá bóðkunum, fjárfestingarsjóðum og öðrum ríkisstofnunum. Bókhaldslegur hallarekstur er regla fremur en undantekning, en verðbólga sér um að jafna metin og riflega það. Þetta hefur að sjálfsögðu afleiðingar fyrir kjarabaráttu launafólks, og sósíalistar hljóta að taka tillit til þess í baráttu sinni fyrir þjóðfélagi annarra gilda en þeirra sem kapitalisminn hossar hæst.

Brýn þörf er á því að íslenskir sósíalistar átti sig á sérkennum þessa þjóðfélags sem þeir búa í og séu ófeminnir við djartækar samlíkingar og sögulegar hliðstæður. Það er um að gera fyrir

okkur að skerpa útlínur fyrirbrigðanna í kringum okkur, því blæja vanans leitast við að má þær út.

Ekki skil ég GK svo, að hann sé í reynd að draga í efa auðvaldsnáttúru þjóðfélagsins hér og nú. Vöruformið er ríkjandi, jafnt í framleiðslu sem dreifingu efnislegra gæða, og menn neyðast til að selja vinnuafli sitt sér til lífsframfæris. Þetta eru meginrættir kapitalismans, svo hérleendis sem annars staðar, einföld yfirlýsing um þetta dugar skammt til greiningar á margvislegum vanda dagsins, í efnahags- og menningarlífi, stjórnmálum og stéttabaráttu.

Nú langar mig, leikmanninn, til að seilast inn á svið sagnfræðinnar og hafa þar uppi óabyrgt hjál. Kapitalismi — lénsveldi: Þetta eru kunnugleg orð um sérstök þjóðfélagsform, einskonar merkispjöld eða áritanir á leiðir í vöndunarhúsi sögunnar. Mig minnir að við höfum haft fleiri svona merkispjöld í gamla daga, gott ef þau voru ekki 5: frumkommúnismi, þrælalag, lénsveldi, kapitalismi og sósíalismi. Fyrsta og síðasta þjóðfélagsformið í upptalningunni voru án stéttskiptingar og arðráns, en í hinum eignast yfirstétt amk. hluta af vinnuafurðum undirstéttar með því að einoka svo og svo mikið af lífi hennar eða lífs-skilyrðum (þrælinn, landið, vinnugögnin). Talið var að þetta væru bæði söguskeið og þroskaskeið í sögu mannkynsins frá frumstæði til fullkomunar, og mætti marka það á æ afkastameiri framleiðslutækjum. Af þessu leiddi að erfitt var að hugsa sér, að hlaupið væri yfir eitthvert þessara tímasekíða, og eins hitt, að staðnæmst væri fyrir fullt og allt á einhverju þeirra, áður en fullkomun væri náð. Og auðvitað lá leiðin alltaf áfram en ekki afturábak.

Nú er það ekki amælisvert, að sósíalistar líti á baráttu sína sem hluta af heimssögulegri þróun frá hálfsiðun til siðmenningar. En hvað skyldu þessi spjöld eða skilti gagna okkur mikið við að öðlast skilning á fortíð og framtíð? Hugum að íslenskri sögu.

Hvernig eigum við að merkja það þjóðfélag sem landnámsmenn og fyrstu kynslóðir Íslendinga bjuggu sér í landinu? Var það frumkommúnismi? Tæplega, því að Íslendingasögur greina frá talsverðri stéttskiptingu meðal frjálsra manna, og svo voru þrælar. Var það þá þrælalag? Nei, þrælarnir skiptu engu meginmáli við öflun lífsnáðsins, nema eftirlit á búi einstaka höfðingja og þá um skamma hríð (engin endurnýjun). Var það lénsveldi? Varla, því engar heimildir eru (mér kunnar) um jarðarafgjöld, kvaðavinnu og því umlíkt. Var þá íslenska þjóðveldið á fyrstu öldum sínum svo einstakt að það rúmst ekki innan neins þess þjóðfélagsforms sem talið var hér að framan?

Rétt er að láta af öllum ólíkindalátum. Íslenskt þjóðfélag er auðvitað ekkert einstakt, og sú söguskoðun sem ekki rúmar það er harla lítils virði. Söguskoðun hinna 5 þjóðfélagsforma taldist þó um skeið góður marxismi, og höfuðsynd öllum marxistum að efast um algildi þeirra. Í þá daga var öll veröldin dregin svo einföldum dráttum og þjóðfélags- eða sögugreining bundin við það eitt að setja inn í formúlur. Slík heimsmynd er nú hrunin, enda reyndist „alræði öreiganna“ ekki undanfari neins sósíalisma heldur nýrrar kúgandi þjóðfélagsgerðar, áður óþekktar. Sósíalistar urðu að fara að fletta upp í bókum sínum og hugsa uppá nýtt.

Það kom í ljós að gamli Marx var hafður fyrir rangrísök. Fáir höfundar eru eins óbundnir af kreddum við lýsingar og greiningar á þjóðfélaginu, hvort sem er samtíma síns eða horfinna alda. Sú söguskoðun sem fram hafði verið borin í nafni Marx, var öðrum þræði óleyfileg einföldun á hugsun hans, hinum þræði hrein folsun. Úr sjóði Marx má reida fram efni í miklu fleira en 5 áskildar þjóðfélagsgerðir og að auki finna flöt á margskonar blöndun þeirra og tengslum. Margt fleira en „efnalegi grundvöllurinn“, framleiðsluöflin, orkar á þjóðfélagsformin til myndbreytinga, hreyfiöflin eru fyrst og fremst félagslegs eblis. Og því fer fjarri að ein gerðin taki við af annarri í skyldubundinni röð einsog um væri að ræða þrautskipulagðan kappleik ellegar þroskaskeið barns.

Ætli það láti ekki nærri að þjóðfélagsgerð fyrstu Íslendinganna hafi verið germanskt ættsveitaskipulag í upplausn? (Það er víst ekki ný staðhæfing!). Síðan hafi tekið við vísið að lénsveldi sem hin alþjóðlega lénsveldisstofnun, kirkjan, hafi átt drygstan hlut í að skapa (tundarlög, söfnun kirkjueigna). Skipulag kirkjunnar ól af sér lénsmannaveldi við hlið hennar, og hún krafðist konungs yfir þeim að svo miklu leyti sem þeir gerðu það ekki sjálfir. Þá komu kyrrstæðar aldir lénsveldis sem var að mestu leyti innlent en furðu líkt evrópskri fyrirmynd sinni (að visu einfaldara í sniðum og vantaði þéttbyli verslunar og iðnfélaga). Los á lénsskipulaginu úti í álfa / Danmörku með síðaskiptum, einveldi, aukinni jarðaeign konungs, einokunarverslun og byrjandi kapitalískri þróun þar svipti Íslendinga sinni eigin yfirstétt en setti ekkert í staðinn (mismunandi efnahagur bænda var frekar

lagskipting en stéttskipting, embættismenn voru ef svo mætti segja ekki stéttbundnir efnahagsundirstöðunni). Þess vegna var hér sérkennilega lítið stéttskipt bændasamfélag þegar gerist þrennt í senn: þjóðernishreyfing af evrópskum toga grefur um sig á Íslandi, efnahagstengslin við Ísland verða utanveltu í dönsku efnahagslífi, verkmenning eflist hér í sveitum en einkum þó við sjávarsiðuna.

Svo virðist vera sem þetta styfðaa, fyrrverandi lénsveldisþjóðfélag hér á Íslandi hafi þrátt fyrir allt sjálft búið yfir endurnýjunarmætti og breytlingarhvöt.

Athugum að atvinnutækni og framleiðni vinnunnar er að líkindum óbreytt frá því land var albyggt og framyfir 1800, en þjóðfélagið tekur amk. tvisvar stakkaskiptum á þeim tíma, í bæði skiptin vegna erlendra íhlutunar. En nú taka Íslendingar íngar að stýra þróun þjóðfélagsins að mestu einir, þótt ekki sé þar með sagt að það hafi beinlínis verið eftir áttavita. Eða er það ekki rétt að Íslendingar hafi sjálfir skapað sitt auðvalds-skipulag, en Danir ekki fært okkur það að gjöf? Auðvitað kom stuðningur erlendis frá þó hann væri óbeinn og ekki hægt að telja hann frumorsök. (Útarríkisverslun: nýr markaður í Bretlandi. Fyrirmynd: norskar sildar- og hvalstöðvar. Erlent fjármagn í Íslandsbanka: flytti fyrir uppbyggingu). En áhrifaöfl gamla bændasamfélagsins voru óvirk og gufudu upp.

Mér sýnist því að fyrsta þjóðfélagsgerðin sem Íslendingar hafa sjálfir skapað án verulegs þrýstings erlendis frá, sé reyndar auðvalds-skipulagið, og er þá ekki talið með það fyrsta sem forfeður okkar fluttu hingað með sér. Það að þetta gerist án hlutstöku sterkrar innlendrar yfirstéttar hefur haft heillavænleg áhrif á þróun félagslegra tengsla á þessari öld, gert þjóðfélagið opnara (aukið hreyfanleika milli þjóðfélagsstétta), gert það mannúðlegra, næmara fyrir breytingum og móttækilegra fyrir bóðskapnum um afnám stéttþjóðfélagsins og sköpun hins samvirkra sósíalíska þjóðfélags, þar sem ekki eru lengur starfsstéttir í föstum hlutverkum en skilyrði tryggð fyrir „frjálsri þróun einstaklings og heildar“ (Marx).

Norræn myndlist að Kjarvalsstöðum

hefur áður farið víða um Norðurlönd



Unnið að uppsetningu sýningarinnar

Í dag verður opnuð að Kjarvalsstöðum norræn myndlistarsýning, sem farið hefur víða um Norðurlönd og nefnist hér „Augliti til auglitis“ en hún var kölluð „Öga mot öga“ á Norðurlöndunum. Á þessari sýningu eiga um 25 listamenn frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi verk, og eru íslensku þátttakendurnir þau Agúst Petersen, Blómeý Stefánsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Hringur Jóhannesson, Óskar Magnússon og Tryggvi Ólafsson.

Þessi sýning kemur hingað á vegum Norræna myndlistarbandalagsins og Fél. ísl. myndlistarmanna, sem er aðili að því, en það er norrænn menningarmálasjóður sem hefur að nokkru leyti fjármagnað sýninguna. Frá árinu 1946 gekkst Norræna myndlistabandalagið fyrir norrænum samsýningum og var hin síðasta þeirra haldin að Kjarvalsstöðum árið 1972. En að henni lokinni var ákveðið að hætta um stundarsakir sýningum í þessu formi og leita nýrra leiða, og var sænska listfræðingnum Staffan Cullberg síðan falið að setja saman norræna sýningu á nýjan hátt. Hann varði tveimur árum (1975-1976) í undir-

búning sýningarinnar, ferðaðist um Norðurlöndin, sá ýmsar sýningar og talaði við listamenn. Arangurinn af þessu starfi var svo sýningin „Augliti til auglitis“, sem fyrst var opnuð 19. nóvember 1976 í Stokkhólmi, og er nú komin hingað.

Staffan Cullberg gat ekki sjálfur komið til Íslands, og stjórnaði því norskur listamaður Bård Breivik uppsetningu sýningarinnar fyrir hann. Þegar fréttamenn litu inn að Kjarvalsstöðum voru menn í óða önn að koma verkunum fyrir. Þau sem þarna voru að starfi sögðu að fyrir Cullberg hefði vakað að sýna ýmsar andstæður í þjóðfélagi nútímans á Norðurlöndum og koma fram með víska túlkun á þessu þjóðfélagi. Vildi hann sýna andstæðurnar milli sveita- og borgarmenningar, manns og náttúru og sýna verk þeirra, sem enn eru í tengslum við forna lífnáðarhætti, þeirra sem túlka borgarþjóðfélag nútímans, og svo þeirra sem eru að leita aftur að nýjum tengslum við fortíð og náttúru. Meðal þátttakenda eru t.d. Óskar Magnússon og Blómeý Stefánsdóttir í snertingu við náttúruna og forna tækni og lífshætti, og sama má

segja um valdinn lappann Andreas Alariesto. Bård Breivik er hins vegar dæmi um mann sem er að leita aftur til fornra lífshátta. Á sýningunni eru nokkrar ljósmyndir af hinu umdeilda borgarhverfi Kristianíu, en íbúar þess leita að nýjum lífsformum með beinum aðgerðum en nota ekki listaverk sem miðil.

Sýningin stendur hér yfir dagana 10. til 25. september, og er þetta síðasti staðurinn þar sem hún verður sett upp. Hún var, eins og áður var sagt, opnuð í Stokkhólmi 19. nóvember 1976. Þaðan fór hún til Óslóar, síðan til Bergen og til Helsinki. Í sumar var sýningin í Nikulásarkirkjunni í Kaupmannahöfn, og síðan var hún sett upp í Alaborg áður en hún kom hingað. Mikið hefur að sögn verið rætt og ritað um þessa sýningu og hefur hún fengið allmisjafna dóma eins og gerist og gengur. Í Svíþjóð fékk hún einna besta dóma, og var framlagi Íslands þar hrósað. Í Danmörku voru dómarnir hins vegar síðri og var sýningin kölluð „norræn ringulreið“ í dagblaðinu Politikan.

Sjúkrahótel Rauða krossins
eru á Akureyri
og í Reykjavík.
RAUÐI KROSS ÍSLANDS